

Ed.

27. Frumvarp til laga

[8. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. sept.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 13% — þrettán af hundraði — söluskatt og auk þess 4% — fjögur af hundraði — söluskattauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1974.

Ákvæði til bráðabirgða:

I.

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 8. gr. laga nr. 10/1974, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd innan 6 daga frá gildistöku laga þessara.